

ICEQ verðbréfasjóður
Árshlutareikningur

30. júní 2007

ICEQ verðbréfasjóður
Borgartúni 19
105 Reykjavík

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastj.	3	Yfirlit um breytingar á hreinni eign	7
Áritun endurskoðenda	4	Yfirlit um fjárfestingar	8
Rekstrarreikningur	5	Skýringar	9
Efnahagsreikningur	6		

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Árshlutareikningur ICEQ er hluti af B-hluta árshlutareiknings Rekstrarfélags Kaupþings Banka hf. sem inniheldur árshlutareikning Verðbréfasjóða Kaupþings Banka, Fjárfestingarsjóða Kaupþings Banka og Fagfjárfestisjóðs Kaupþings Banka. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið á undan. Þessi framsetning á reikningnum er í samræmi við reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða sem settar eru af Fjármálaeftirlitinu.

Hagnaður varð af rekstri sjóðsins á tímabilinu að fjárhæð 1.622 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi og er tapið fært til lækkunar á hlutdeildarskírteinum. Eigið fé sjóðsins í lok júní nam 6.533 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Stjórn og framkvæmdastjóri Rekstrarfélags Kaupþings Banka hf. staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2006 með undirritun sinni.

Reykjavík, 29. ágúst 2007.

Í stjórn félagsins:

Þórarinn Sveinsson, stjórnarformaður

Eggert Páll Ólason

Birgir Örn Arnarson

Framkvæmdastjóri:

Ómar Kaldal Ágústsson

Áritun endurskoðenda

Til eigenda hlutdeildarskírteina í ICEQ.

Við höfum kannað meðfylgjandi árshlutareikning ICEQ fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2007. Árshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórnendur sjóðsins eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn og er byggð á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit um endurskoðun.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á tímabilinu, efnahag þess 30. júní 2007 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 29. ágúst 2007.

KPMG hf.

Reynir Stefán Gylfason

Rekstrarreikningur 1. janúar - 30. júní 2007

	Skýr.	2007 1.1.-30.6	2006 1.1.-30.6
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):	2-4		
Vextir, verðbætur, arður og gengismunur		1.648 (37)
Vaxtagjöld		<u>0</u>	<u>0</u>
Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)		1.648 (37)
Rekstrargjöld:			
Umsýsluþóknun	5	19	5
Annar rekstrarkostnaður		<u>7</u>	<u>1</u>
		<u>26</u>	<u>6</u>
Hagnaður (tap) tímabilsins færður á hlutdeildarskírteini		<u>1.622</u> (<u>43</u>)

Efnahagsreikningur 30. júní 2007

	Skýr.	30.6.2007	31.12.2006	
Eignir:				
Verðbréf:				
Hlutabréf		6.198	4.727	
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum		339	29	
Eignir samtals 6-10		6.537	4.756	
 Skuldir:				
Skuldir við rekstrar- og vörslufélag	(4)	(2)
Skuldir samtals	(4)	(2)
Hrein eign samtals		6.533		4.754
 Eigið fé:				
Hlutdeildarskírteini	12-13	6.533	4.754	
Hrein eign		6.533	4.754	
Fjöldi eininga		3	2	
Gengi sjóðsbréfa í lok tímabilsins		2.598	1.982	

Yfirlit um breytingar á hreinni eign 1. janúar - 30. júní 2007

	Skýr.	2007	2006
		1.1.-30.6	1.1.-30.6.
Rekstrarhreyfingar:			
Hagnaður (tap) tímabilsins færður á hlutdeildarskírteini		<u>1.622</u>	<u>(43)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Seld hlutdeildarskírteini		29.517	637
Innleyst hlutdeildarskírteini	(<u>29.361)</u>	<u>0</u>
		<u>156</u>	<u>637</u>
Breyting á hreinni eign		1.778	594
Hrein eign í ársbyrjun		<u>4.755</u>	<u>1.046</u>
Hrein eign í lok tímabils		<u><u>6.533</u></u>	<u><u>1.640</u></u>

Yfirlit um fjárfestingar 30. júní 2007

	Nafnverð	Markaðs- verð	% af hreinni eign
Kauphallarsjóður ICEQ			
Hlutabréf skráð í Kauphöll Íslands			
Kaupþing banki hf.	2	2.135	32,7%
Landsbanki Íslands hf.	26	978	15,0%
Glitnir banki hf.	32	914	14,0%
Straumur Burðarás Fjárfestingarbanki hf.	26	561	8,6%
Actavis hf.	6	534	8,2%
FL Group hf.	14	406	6,2%
Bakkavör Group hf.	5	319	4,9%
Mosaic Fashion Group hf.	6	102	1,6%
Atorka hf.	8	67	1,0%
Hf. Eimskipafélag Íslands	1	56	0,9%
Önnur félög (5)	6	126	1,9%
Heildarverðmæti fjárfestinga		6.198	94,9%
Aðrar eignir og skuldir nettó		335	5,1%
Hrein eign samtals		6.533	100,0%

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

1. Árshlutareikningur Verðbréfasjóðs Rekstrarfélags Kaupþings Banka hf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Hann byggir á kostnaðarverðreikningsskilum að því undanskildu að verðbréf eru almennt metin á markaðsverði. Árshlutareikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í milljónum króna. Sjóðurinn er hluti af Rekstrarfélagi Kaupþings Banka hf. sem er dótturfélag Kaupþings Banka hf. og eru upplýsingar um afkomu og fjárhagsstöðu samstæðunnar þar. Árshlutareikningur sjóðsins er ekki hluti af árshlutareikningi bankans vegna eðli starfseminnar.

Erlendir gjaldmiðlar

2. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í lok júní 2006. Rekstrartekjur og rekstargjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags.

Vaxtatekjur og vaxtagjöld

3. Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til og er miðað við virka vexti.

Arður

4. Arður er tekjufærður þegar krafa um hann myndast, það er þann dag sem arðurinn er til útborgunar.

Umsýsluþóknun

5. Sjóðurinn greiðir Rekstrarfélagi Kaupþings Banka hf. eignastýringarþóknun sem innifelur meðal annars eftirtalinn kostnað við rekstur sjóðsins, laun starfsmanna rekstrarfélagsins, markaðskostnað og umsýslu en auk þess greiðir sjóðurinn Arion hf. vörsluþók

	Eignastýringar- þóknun	Umsýslu- þóknun
ICEQ	0,40%	0,10%

Til viðbótar framangreindri þóknun greiðir sjóðurinn kostnað vegna endurskoðunar og annan beinan kostnað sem tengist rekstri sjóðsins.

Fjárfestingar

6. Skuldabréf sem skráð eru á opinberum verðbréfamarkaði eru metin á markaðsverði í lok tímabilsins. Við mat á þessum eignum er reiknuð niðurfærsla sem tekur mið af almennri áhættu sem tengist starfseminni.
7. Hlutabréf sem skráð eru á opinberum verðbréfamarkaði eru metin á markaðsverði í lok tímabilsins. Óskráð hlutabréf eru færð á síðasta þekkta viðskiptaverði eða áætluðu markaðsverði ef það er talið lægra.
8. Hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum eru metin samkvæmt því kaupgengi sem gildi á markaðnum í lok tímabilsins.
9. Bundin innlán hjá lánastofnunum eru uppfærð með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun í lok tímabilsins.

Skýringar, frh.:

10. Afleiður eru fjármálasamningar þar sem samnings- eða nafnverðsfjárhæðir eru ekki færðar í efnahagsreikning sjóðanna, ýmist vegna þess að réttindi og skyldur myndast vegna eins og sama samningsins, nafnverðsfjárhæðirnar eru eingöngu notaðar sem breytur við útreikning á öðrum stærðum. Nafnverðsfjárhæðir afleiðusamninga gefa ekki endilega til kynna fjárhæð greiðslna sem þeim tengjast eða áhættu þeirra. Sem dæmi um afleiðusamninga má nefna framvirka gjaldmiðlasamninga, valréttarsamninga, skiptasamninga, framtíðarsamninga og framvirka vaxtasamninga. Verðmæti þeirra getur meðal annars byggst á vaxtahlutföllum og verði gjaldmiðla, vöru, skuldabréfa og hlutabréfa.

Afleiðusamningar sjóðanna eru færðir á markaðsverði. Samningarnir eru notaðir til að verja sjóðina gegn vaxta- og gengisáhættu vegna verðbréfa. Með afleiðusamningum sjóðanna er almennt stefnt að því að draga úr verð-, gengis- og vaxtaáhættu þeirra. Afkoma afleiðusamninga er færð í rekstrarreikning og efnahagsreikning.

Markaðsáhætta afleiðusamninga skapast vegna breytinga á verði þeirra þátta sem samningarnir byggja á, svo sem vaxtabreytingum eða breytingum á verði gjaldmiðla og skráðra verðbréfa.

Skattamál

11. Verðbréfasjóðir greiða ekki tekjuskatt heldur er hagnaður eða tap af rekstri þeirra skattlagður hjá eigendum hlutdeildarskírteinanna. Einstaklingar greiða fjármagnstekjuskatt af hagnaði sínum af bréfum þegar þeir innleysa hann. Hagnaður og tap af hlutdeildarskírteinum telst til skattskyldra tekna eða gjalda hjá félögum óháð innlausn.

Sjóðirnir eru undanþegnir fjármagnstekjuskatti hér á landi en ekki í þeim löndum þar sem fjármagnstekjuskattur er lagður á tekjur erlendra aðila og ekki eru í gildi tvísköttunarsamningar milli Íslands og viðkomandi ríkis um að slíkar tekjur skuli skattleggjast hér á landi.

Hlutdeildarskírteini

12. Raunávöxtun verðbréfasjóðs Rekstrarfélags Kaupþings Banka m.v. 30. júní 2007.

	Síðustu 3 mánuði	Síðustu 5 mánuði	Síðustu 12 mánuði
ICEQ	2,40%	15,80%	8,00%

13. Yfirlit um bókfært verðmæti og gengi hlutdeildarskírteina.

	Bókfært verðmæti			Gengi		
	30.6.2007	2006	2005	30.6.2007	2006	2005
ICEQ	6.533	4.754	1046	2.598	1.982	1674

Skýringar, frh.:

14. Yfirlit um hlutfallslega skiptingu eigna og fjárfestingarstefnu.

	Eign	Eign	Breyting	Fjárfestingarstefna	
	30.6.2007	31.12.2006		Lágmark	Hámark
	%	%	%	%	%
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum	95		(4)	0	100
Aðrir fjármálagerningar	5		4	0	100

15. Sundurliðun fjárfestinga og hlutfallsleg skipting:

	Ríki, sveitarfél. eða alþj. stofn.		Hlutabréf		Annað		Samtals	
	kr.	%	kr.	%	kr.	%	kr.	%
Verðbréf, önnur en peningamarkaðsskjöl skráð á skipulegum verðbréfamarkaði	6.198	95					6.198	95
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum					339	5	339	5
	<u>6.198</u>	<u>95</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>339</u>	<u>5</u>	<u>6.537</u>	<u>100</u>